

## Aðalfundur

### Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu

**31.03.2022**

#### *Dagskrá:*

1. *Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á sl. ári*
2. *Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir sl. almanaksár*
3. *Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða*
4. *Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.*
5. *Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.*
6. *Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar*
7. *Alyktanir aðalfundar afgreiddar*
8. *Önnur mál*

Þórarinn setti fundinn og bauð alla velkomna á þennan 3. aðalfund Sameykis. Hann lýsti ánægju sinni með að fá tækifæri til að hittast í raunheimum en tók fram að það væru 70 manns skráðir á fjarfundi. Þórarinn kynnti tillögur um starfsmenn fundarins:

Fundarstjórar: Ari Björn Thorarensen og Kristjana Eyjólfsdóttir

Ritarar: Elín Helga J Sanko og Rut Ragnarsdóttir

Umsjón fjarfundar: Jóhanna Þórdórsdóttir

Tæknimaður og umsjón með rafrænum kosningum: Þórður Höskuldsson

Ekki bárust aðrar tillögur eða athugasemdir, þessar tillögur voru samþykktar með lófataki.

Þórarinn afhenti svo fundinn fundarstjórum.

Kristjana Eyjólfsdóttir tók við fundinum. Hún þakkaði traustið fyrir sína hönd og Ara Thorarensen. Hún kallaði Þórð upp til að fara yfir leiðbeiningar um skráningar og hvernig við eigum að bera okkur að við fyrirhugaðar rafrænar kosningar. Tilraunakosning um framkvæmd kosninga: 71 tóku þátt og 70 sögðu já 1 sat hjá.

Kristjana fór því næst yfir praktísk atriði varðandi þátttöku á fundinum, bæði á netinu og í sal. Eftir hvern dagskrárlið verður boðið upp á umræður og komi ekki fram tillögur til efnisbreytinga, skoðast dagskrárliðurinn samþykktur. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins verða í boði eftir að reikningar félagsins hafa verið kynntir.

#### **1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á sl. ári**

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið frammi á netinu og skoðast samþykkt.

Þórarinn fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins sl. ár. Skýrslan liggur frammi í prentuðum eintökum. Starfsárið er almanaksárið. Skýrslan ber það með sér að við höfum verið í heimsfaraldri og erum að sigla út úr honum.

#### **Ávarp formanns:**

**Ágætu fundarstjórar – kæra félagsfólk hér í húsi og á netinu.**

*Skýrsla stjórnar Sameykis liggur hér frammi í prentuðum eintökum og hefur einnig verið send þeim sem sækja fundinn gegnum netið. Að venju miðast tölulegar upplýsingar við almanaksárið en efnislegir þættir eru oftast miðaðir við starfsár stjórnar. Nú virðist loksins hilla undir að við nálgumst það að geta hætt að taka allar ákvarðanir í lífi okkar og störfum út frá Covid-19.*

Vonandi gengur það eftir en skýrslan ber með sér að við erum að koma út úr starfsári sem einkennst hefur af heimsfaraldrinum.

### **Stjórn Sameykis**

Á aðalfundi félagsins í marsmánuði 2021 tók ný stjórn til starfa fyrir Sameyki. Stjórnin var töluvert breytt frá fyrri stjórn, en á árunum 2019 til 2020 var stjórn Sameykis samsett úr fyrrum stjórnnum StRv og SFR og taldi þá stjórnin samtals 21 meðlim. Á síðasta aðalfundi í marsmánuði 2021 var stjórnarfélagi fækkað í 15. Stjórnin fundaði að jafnaði reglulega aðra hverja viku allt árið utan orlofstíma. Í þessari fimmtán manna stjórn er samstarfsfólk sem kemur frá ólíkum vinnustöðum en gætir saman hagsmuna allra félagsmanna. Fyrir utan mig eru í stjórninni Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður, Elín Helga Sanko ritari, Egill Kristján Björnsson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Ingunn Hafdís Þorláksdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Kári Sigurðsson, Ólafía L. Sævarsdóttir, Rut Ragnarsdóttir og Svanhildur Steinarsdóttir. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu þessu góða stjórnarfélagi fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

### **Félagsfólk**

Félagsfólk í Sameyki taldist vera 11.612 um síðustu áramót. Af þeim voru 92,7 prósent af íslenskum uppruna, en 7,3 prósent af erlendum uppruna frá 76 þjóðríkjum eins og sjá má í ársskýrslunni. Fjölbreytileiki samfélagsins er að aukast og í ljósi þess sem við sjáum nú gerast í umhverfi okkar eru miklar líkur á að það ferli sé rétt að byrja. Við þurfum að skýra okkar framtíðarsýn í alþjóðlegu samhengi og hverfa frá þeirri heimssýn að við séum lítil einangruð eyja í norðri. Og ef við náum ekki almennilegum tókum á loftlagsbreytingunum sem við sjáum nú víða merki um, þá eiga þær breytingar einar og sér eftir að hafa miklar afleiðingar í för með sér sem við munum væntanlega ekki fara varhluta af.

### **Helstu verkefni**

Ef lítið er til einhvers ákveðins þáttar í starfi félagsins síðustu 12 mánuði, þá má segja að stytting vinnuvikunnar, betri vinnutími, hafi virkilega tekið í. Innleiðing á 36 tíma vinnuviku hjá dagvinnufólki reyndi á ýmsa þætti í vinnuumhverfinu, en heilt yfir þá hefur sú innleiðing gengið vel skv. okkar félagsfólki. Engu að síður þá hafa ákveðnir aðilar verið í töluverðri brekku í verkefninu og má þar meðal annars nefna starfsfólk í leik- og grunnskólum. Útfærsluna þar og víðar verður að skoða áfram.

Í vaktakerfunum er aðra sögu að segja og þá einkum hjá þeim stéttum sem voru á 12 klst. vaktakerfum. Ekki aðeins var innbyggt í þau kerfi að vinnuskyldan var 182 klst. á mánuði en ekki 173,33, heldur var launamyndunin hjá ákveðnum hópum með heimasmiðuðum hætti þannig að flækjustig vinnuskyldu og launa hefur reynst meira en nokkur sá fyrir. Enn er verið að greiða úr þeim flækjum og því verður ekki lokið fyrr en við sjáum heildarmyndina, en hvenær nákvæmlega það mun takast er ekki hægt að fullyrða um. Taka verður fram hér að það eru ekki einungis við hjá Sameyki sem erum að reyna að leysa þá stöðu sem upp er á þessum vettvangi, heldur koma að þeirri vinnu auk okkar viðkomandi stofnanir, innleiðingahópurinn og stýrihópurinn að Betri Vinnutíma, og Kjara- og mannauðsýsla ríkisins.

### **Nýr veruleiki**

Verkefnin síðustu tveggja fordæmalausra ára hafa ekki einungis verið erfiðleikar ofan á vesen, þetta hefur einnig verið lærdómstímabil og má þar til dæmis nefna þróun samskiptamiðla eins og Teams og annarra líkra verkfæra. Við höfum getað haldið Trúnaðarmannaráðsfundi okkar og Fulltrúaráðsfundi með allt að 200 þátttakendum þar sem við höfum tekið fyrir ýmis mál, rætt okkur saman að niðurstöðu og tekið ákvarðanir í kjölfarið. Þar hafa allir lagt sig fram um að láta þetta fyrirkomulag ganga upp og okkar mikilvægu ráð eiga heiður skilið fyrir það. Einnig höfum við fundað með viðsemjendum, samstarfsaðilum og félagsfólki í allri þeirri fjölbreyttu flóru verkefna sem skrifstofa Sameykis sinnir dag hvern. Þessi leið, fundir á netinu, og þessi rafrænu verkfæri öll hafa reynst gríðarlega mikilvæg í starfi okkar og hafa verið lífæð í samskiptum við félagsfólk. Nú

eru þessi verkfæri að verða hluti af venjulegum samskiptamáta. Ég mun þó sem formaður leggja mikla áherslu á staðbundna fundi um allt land þegar samfélagið telur okkur komin á gott öryggisstig, því það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir að hittast, velta fyrir sér verkefnum, reifa og takast á um hugmyndir og komast að samkomulagi um leiðir til að taka á málum. Ein hlið á þessum nýja heimi er heimavinna félagsmanna, en það er ljóst að í næstu kjarasamningum þarf að skilgreina þessa nýju stöðu og hvernig heimavinna verður metin. Og ekki síður hvað það þýðir ef launafólk er farið að leggja atvinnurekendum til vinnu- og skrifstofuaðstöðu heima hjá sér.

### **Mikilvæg verkefni**

Eitt af mikilvægu málunum sem félagið hefur verið að vinna að er jöfnun launa á milli markaða. Laun opinberra starfsmanna eru að meðaltali 16,8 prósent lægri en laun fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Með samkomulagi sem ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin gerðu 16. september 2016 við heildarsamtök opinberra starfsmanna, skuldbundu opinberir aðilar sig til að jafna þennan launamun á innan við áratug. Samkvæmt samkomulaginu gáfu opinberir starfsmenn eftir hluta réttinda sinna í lífeyriskerfinu og lífeyrisréttur starfsmanna á almennum markaði var aukinn og jafnaður við rétt opinberra starfsmanna. Heildarsamtök launafólks á opinberum vinnumarkaði hafa þannig staðið við sinn hluta samkomulagins, almenni markaðurinn hefur fengið allt sitt, en ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin draga lappirnar eins og þau lifandi geta við að leiðrétta launamuninn milli markaða. Framgangna þeirra verður ekki túlkuð öðruvísi en það sé verið að gera tilraun til að eyðileggja verkefnið. Við látum það ekki gerast.

### **Sjóðir og þjónusta**

Sjóðir félagsins störfuðu af sama þrótti og undanfarin ár og voru umsóknir í starfsmenntunarsjóði og sjúkrasjóði í stórum dráttum með hefðbundnum hætti. Undantekningin frá þessu er að Fræðslusjóður, sem er starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður félagsmanna sem vinna hjá Reykjavíkurborg og tengdum félögum. Sjóðurinn kom til í síðustu kjarasamningum og inn í hann voru settir Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður, Vísindasjóður og styrkir til verkefna sem atvinnurekendur standa að fyrir félagsfólk okkar.

Í orlofssjóði var einnig ýmislegt að gerast á árinu. Aðsókn að orlofshúsum hefur verið mjög mikil í kóvíd faraldrinum og sjóðurinn hefur staðið að uppbyggingarverkefnum á árinu. Síðasta haust tókum við 3 ný hús í notkun í Munadarnesi og þessar vikurnar er verið að ljúka við smíði þriggja nýjustu húsanna þar. Afhending þeirra hefur nokkuð dregist vegna skorts á byggingaefni. Efnið sjálft, tafir hjá afhendingaraðilum og fleira spilar þar inni. Nú eru uppi áætlanir um að fara í gagngera endurnýjun á orlofsbyggðinni okkar að Úlfljótsvatni. Þar eigum við 12 orlofshús sem komin eru vel til ára sinna og ástand þeirra orðið lélegt. Nú er svæðið okkar þar í deiliskipulagsferli og mun það taka einhverja mánuði. Í bígerð er að fá SG hús á Selfossi í það verkefni, en það fyrirtæki hefur náð eftirtektarverðum árangri í smíði einingahúsa og er meðal annars samstarfsaðili Bjargs, byggingarfélagsins sem við eigum með ASÍ, í byggingu fjölbýlishúsa með einingum þar sem byggingarefnið er timbur. Hluti verkefnisins á Úlfljótsvatni verður einnig að ljúka við að reisa nýtt hús í Akrakoti sem til hefur staðið um nokkurt skeið.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Útgáfumálin, virkni net-heimasvæðis og notkun samfélagsmiðla var kraftmikil á árinu. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á útgáfu blaðsins okkar og er stöðugt verið að betrumbæta virkni lykilleiða eins og „Mínar síður“, símasvörun og aðrar þær leiðir sem félagsfólk notar til að vera í sambandi við skrifstofuna og starfsmenn. Við erum einnig að hefja útgáfu á kjarasamningum okkar, en samningurinn við ríkið og Reykjavíkurborg hefur þegar verið gefinn út. Samtals gerum við 20 kjarasamninga og sumir þeirra verða gefnir út á netinu meðan samningarnir við stærstu viðsemjendur verða gefnir bæði út á netinu og prentaðir sem bækur.

Vefurinn okkar og samfélagsmiðlar okkar eru síðan í mikilli virkni og heimsóknir og flettingar á vefnum skipta orðið hundruðum þúsunda yfir árið.

### **Starfið á skrifstofunni**

Eins og á öðrum vinnustöðum á landinu þá litaðist starf skrifstofunnar sl. tvö ár af heimsfaraldrinum. Í lengri tíma skiptum við hópnum upp; annar helmingurinn var í vinnu á skrifstofunni og hinn helmingurinn vann að heiman. Öll þurftum við að læra ný vinnubrögð og samskiptaform og tel ég að skrifstofan hafi náð að vinna vel úr stöðunni. Hjá Sameyki starfa nú 19 starfsmenn á Grettisgötunni auk formanns. Við höfum einnig notið þess að hafa 1-2 starfsmenn sem komu til okkar gegnum Vinnumálastofnun. Þau hafa verið að flokka öll skjöl sem Sameyki býr yfir og skipuleggja þau samkvæmt kröfum um góða skjalavistun og samkvæmt kröfum um staðla. Þessi skjalasöfn verða síðan sett inn til Þjóðskjalasafn og eftir atvikum Borgarskjalasafnið. Tengt þessu erum við að taka upp nýtt mála- og skjalavistunarkerfi sem kallast Work Point og vinnur með 265 Office pakkanum. Á árinu 2021 voru tveir nýir starfsmenn ráðnir til félagsins, þau Gunnsteinn R. Ómarsson skrifstofustjóri félagsins og Kristín María Magnúsdóttir sem er sérfræðingur á rekstrarsviði. Einnig var nýr starfsmaður að koma til okkar í þessari viku, það er Harpa Björk Hilmarsdóttir sem hefur tekið til starfa sem verkefnastjóri orlofsmála hjá okkur. Það bar einnig til tíðinda að útibú félagsins á Akranesi var lagt niður af þeirri ástæðu að verkefni þau sem sinnt var þaðan voru orðin harla lítil.

### **Launamál**

Hér ætla ég að gera grein fyrir helstu þóknunum og launamálum þeirra sem koma að starfi stjórna innan Sameykis og einnig æðstu stjórnenda.

Þeir sem sitja í stjórn félagsins fá greitt fyrir hvern stjórnarfund sem hér segir: Fyrir hvern fund 17.524 kr. + 60 km sem gerir nú 7.200 kr. = 24.724 kr.

Varaformaður og ritari fá að auki eingreiðslu á mánuði sem er 32.339 kr.

Fyrir setu í stjórnnum sjóða: Fyrir hvern fund 40 km = 4.800 kr. Formenn 80 km = 9.600 kr.

Laun formanns og skrifstofustjóra eru ákvörðuð þannig að stjórn kýs sér launanefnd sem semur við skrifstofustjóra og tekur ákvörðun um laun þess sem er í starfinu á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun Sameykis félaga í sambærilegum stjórnunarstörfum sem við sjáum bæði í launakönnun félagsins og svo í félagsgjöldum einstaklinga til félagsins, en einnig er litið til launasetningar í sambærilegum störfum á okkar vettvangi.

Laun skrifstofustjóra eru 921.671 þúsund krónur ásamt fastri yfirvinnu, sem er u.þ.b. 10 tímar á viku sem gera 373.290 kr. Samanlagt 1.294.961.- kr.

Laun formanns félagsins taka mið af þessum launum en hann fær 16% álag ofan á þau.

### **Félagsstarfið**

Það er nauðsynlegt hverju stéttarfélagi sem halda vill góðu lífsmarki, að standa fyrir öflugum félagsstarfi innan félagsins. Við þekkjum öll hvernig Trúnaðarmannaráð og Fulltrúaráð félagsins starfa á reglulegum fundum allt árið þar sem fjallað er um allt það helsta sem snýr að okkar vettvangi. Auk þessara mikilvægu ráða þá erum við með góðan hóp félagsmanna sem eru að vinna að félagslegri þjónustu- og réttindamálum okkar í gegn um sjóðina og lögbundnar nefndir. Þar á fleti eru Laganefnd, Uppstillinganefnd, Fræðslusjóður, Orlofssjóður, Starfsmenntunarsjóður, Styrktar- og sjúkrasjóður, Þróunar- og símenntunarsjóður, Vinnudeilusjóður og Kjörstjórn Sameykis. Auk þessa erum við með reglulega starfandi málefnaþópa sem eru Nefnd um félagsleg málefni, Framtíðarvinnuþróunarnefnd, Heilbrigðis- og velferðarnefnd, Jafnréttisnefnd, Kjara- og starfsumhverfisnefnd og Umhverfis- og loftlagsnefnd. Að ógleymdum deildunum þar sem starfandi eru Atvinnubílastjórar hjá Strætó, Háskóladeild Sameykis, Félag íslenskra félagsliða, Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa, Fangavardafélag Íslands, Félag heilbrigðisgagnafræðinga og Lífeyrisdeild Sameykis. Það má segja að þessir innviðir félagsins séu hugmyndabrunnur að markmiðum og stefnumiðum félagsins þegar kemur að starfinu utan kjarasamninga.

Í þeim 20 kjarasamningum sem við gerum fer síðan fram kjarnastarf félagsins með öllu því félagsfólki sem þar tekur þátt, auk þess sem um 160 samstarfsnefndir eru starfandi við

stofnanasamninga hjá ríkinu þegar þeir eru á dagskrá. Ég tel að við getum verið nokkuð sátt við félagslega virkni okkar félagsfólks og glaðst yfir lífsmarkinu ... og já að ógleymsdu því að við eigum fulltrúa í um 30 starfshópum á vegum BSRB og samstarfsaðila.

### **Kæru félagar**

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni en ársskýrsla stjórnar liggur fyrir hér á fundinum og ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur hana vel.

Starfsfólki Sameykis þakka ég kærlega fyrir þeirra starf, þrautseigju og gott úthald. Góður starfsandi og samvinna er mikilvæg á þeim tímum sem við lifum nú. Verkefni hafa mörg hver verið snúin og álagið mikið við fordæmalausar aðstæður en starfsmannahópurinn okkar hefur sýnt það að hann þolir flest og er úrræða- og þolgóður þegar á reynir.

Ég hef áður minnst á hversu fjölbreytt félagið okkar er og forsenda þess er auðvitað virkir og áhugasamir félagsmenn. Ég vil því að lokum þakka öllu félagsfólki sem hefur stigið fram og tekið þátt í starfi og verkefnum félagsins á liðnu ári. Þið hafið öll sýnt aðdáunvert úthald og þolgæði. Kærar þakkir.

## **2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir sl. ár.**

Gunnsteinn R Ómarsson skrifstofustjóri fór yfir ársreikninga félagsins fyrir árið 2021. Reikningarnir eru full endurskoðaðir og hafa verið kynntir fyrir félagslegum skoðunarmönnum, í stjórn og öllum sjóðum félagsins.

Það eru 8 sjóðir sem um ræðir:

- **Félagssjóður Sameykis** – sér um rekstur skrifstofa Sameykis og er í daglegum ákvarðanarekstri.
  - Afkoma 98,3 milljónir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum er tæpar 67 milljónir, þannig að afkoma ársins er 31.3 milj.
  - Eignir 819 milljónir. Hrein eign félagsins er 356,5 milljónir, langtímaskuldir 427 milljónir og skammtímaskuldir 45 milljónir
- **Orlofssjóður Sameykis** – okkar helstu eignaumsvif og er einnig í daglegum ákvarðanarekstri.
  - Tekjur samtals: 405 milljónir, rekstrargjöld 259 milljónir, afkoma ársins 147,2 milljónir.
  - Fastafjármunir: 1,167 milljónir, eignir samtals rúmlega 1,5 milljarður. Hrein eign 1,455 milljónir, langtímaskuldir 33 milljónir og skammtímaskuldir 50 milljónir.
- **Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis**
  - Afkoma ársins 27,5 milljónir, eignir 345,6 milljónir
- **Vinnudeilusjóður Sameykis**
  - Afkoma ársins tæplega 167 milljónir, eignir 2,111 milljónir
- **Starfsmenntunarsjóður Sameykis**
  - Neikvæð afkoma ársins 2,8 milljónir.
- **Fræðslusjóður Sameykis**
  - Afkoma ársins 57,6 milljónir, eignir 410 milljónir.
- **Mannauðssjóður trúnaðarmanna Sameykis**
  - Afkoma ársins tæpar 8,5 milljónir, eignir tæpar 117 milljónir
  - Umbun til trúnaðarmanna 38,9 milljónir
- **Sérstakur styrktarsjóður Sameykis**
  - Lagður fram í síðasta sinn, en hann var leystur upp og lagður niður um áramót.

Fundarstjóri gefur orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Gunnar Rúnar Matthíasson: Er stoltur yfir að formaður hafi farið yfir launakjör stjórnar og formanns. Stoltur af því að sjá allt uppi á borðinu og þakkar fyrir.

Þórarinn: Það er í mörg horn að líta í stóru félagi. Biðst afsökunar á að hafa gleymt að nefna nýjan starfsmann Sameykis: Þorsteinn Skúli Sveinsson lögfræðingur á kjarasviði, en hann var ekki í salnum en var með á netinu.

Ekki frekari umræður og skoðast því skýrsla stjórnar samþykkt og reikningar félagsins samþykktir

Kaffihlé.

### 3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.

Þórarinn byrjaði á að fara aðeins yfir vinnu laganeftndar, sem í voru fyrir utan hann: Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður Sameykis, Egill Kristján Björnsson, Egill Heiðar Gíslason og Rut Ragnarsdóttir.

Núverandi lög Sameykis eru í raun samsuða úr lögum SFR og St.Rv. og stóð alltaf til að endurskoða þau eftir árið 2021. Þessi drög eða lagabreytingar sem nú verða lögð fyrir aðalfund hafa verið lögð fyrir lögfræðing okkar hjá lögfræðiskrifstofunni Mörk.

Í máli Þórarins kom fram að þessar tillögur til lagabreytinga hefðu verið ræddar á trúnaðarmannaráðsfundi fyrir aðalfundinn. Laganeftndin hafði reynt að gera tillögurnar kynhlutlausar því þau langaði til að fanga tíðarandann en það gekk ekki alveg upp málfarslega. Það kom athugasemd um það á trúnaðarmannaráðsfundinum og því biður hann um að hann fái að leggja tillögurnar fyrir málfarshóp / ráðgjafa eftir aðalfundinn. Þar yrði einungis fjallað um plaggið út frá málfari en ekki efnislega. Það er samþykkt.

Þórarinn leggur til að hann fari yfir allt skjalið fyrst og eftir það verði farið í spurningar og umræður. Það er samþykkt

Þórarinn byrjaði á að nefna 14. grein sé fallin úr gildi, en hún fjallaði um sameininguna og það var ákvæði um að hún félli niður f.o.m. aðalfundi 2021.

Efirlitari greinar voru teknar til atkvæðagreiðslu á fundinum

1. kafli. Nafn og tilgangur. 2. grein.	Seinni hluti 3. mgr. 4. greinar kemur hér
1. Að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum. 2. Að fara með fyrirvar einstaklinga, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga.	1. Að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum. 2. <b>Félagið styður félagsmenn og veitir ráðgjöf vegna ráðningarkjara, starfskjara, eftirlauna, brottvikningu, félagslegri mismunun og öðru því sem máli skiptir í samræmi við tilgang félagsins.</b> 3. Að fara með fyrirvar einstaklinga, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga.

Samþykkt án athugasemda

2. kafli. Aðild og úrsögn 4. grein	Fellur út. Ákvæði um lífeyrisdeild er í 28. gr.
Félagismaður sem lætur af starfi á aldursmörkum eða vegna veikinda og hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta, heldur öllum félagsréttindum ef hann kys, en skal vera gjaldfrjáls.	<b>Málgreinin fellur út. Lífeyrisdeildin sérstaklega tilgreind í 28. grein laganna</b>  <b>Lífeyrisdeild</b> Félagsmenn sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku hafa heimild til að starfrækja innan félagsins deild.

	<p>Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær, sbr. ákvæði 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða hagsmuni og réttindi þeirra svo og almennt félagsstarf og kynningu.</p> <p>Stjórn lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu skal heimilt að tilnefna úr sínum hópi 14 fulltrúa í trúnaðarmannaráð og þar af 5 fulltrúa í fulltrúaráð.</p>
--	--

Tillaga felld

5. grein	Orðalagsbreyting
<p>Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert skilyrða 3. gr. til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður. Stjórn félagsins skal kynna nýjum félagsmanni réttindi hans og skyldur í félaginu.</p>	<p>Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert skilyrða 3. gr. til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður. <b>Félagið</b> skal kynna <b>nýju félagsfólki</b> réttindi <b>þess</b> og skyldur í félaginu.</p>

Samþykkt án athugasemda

6. grein	Málgrein orðin merkingarlaus
<p>Félagsmaður sem ekki greiðir félagsgjöld skv. lögum félagsins skal færður á aukaskrá með ákvörðun stjórnar félagsins, enda hafi vanskil staðið a.m.k. 3 mánuði.</p>	<p><b>Málgreinin fellur út.</b></p>

Samþykkt án athugasemda

6. grein	Aðlögun að rafrænum tíma
<p>Þeir sem eru á aukaskrá njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þeir hafa greitt skuld sína við félagið.</p>	<p>Þeir sem <b>greiða ekki félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði</b> njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þeir hafa greitt skuld sína við félagið.</p>

Samþykkt án athugasemda

8. grein	Nýtt
<p>Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn enda sé hann skuldlaus við félagið.</p>	<p>Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn. <b>Óheimilt er að segja sig úr félaginu eftir að vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til kjarasamningar hafa komist á.</b></p>

Samþykkt án athugasemda

3. kafli. Stjórn og stjórnarkosning 9. grein	Orðalagsbreyting
<p>Stjórn félagsins skipa fimmtán menn, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgildra félagsmanna til þriggja ára í senn.</p> <p>Formaður skal kosinn sérstaklega en fjórtán meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi. Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en fjögur kjörtímabil (12 ár) samfellt.</p>	<p>Stjórn félagsins skipa fimmtán <b>einstaklingar</b>, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi <b>fullgilds félagsfólks</b> til þriggja ára í senn.</p> <p>Formaður skal kosinn sérstaklega en fjórtán meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi. Ekki má sami <b>einstaklingur</b> gegna störfum formanns lengur en fjögur kjörtímabil (12 ár) samfellt.</p>

Samþykkt án athugasemda

<b>10. grein</b>	<b>Orðalagsbreyting</b>
Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram tillögur um fleiri menn í hvert stjórnarsæti en kjósa skal eru þeir sjálfkjörnir.	Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram tillögur um fleiri <b>einstaklinga</b> í hvert stjórnarsæti en kjósa skal, eru þeir sjálfkjörnir.

Samþykkt án athugasemda

<b>11. grein</b>	<b>Fjölgun fulltrúa og tímasetning</b>
Fulltrúaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er 7 aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir fulltrúaráð.	Fulltrúaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er <b>9 einstaklingum</b> og tveimur til vara. <b>Kjósa skal nefndina á fyrsta haustfundi á kosningavetri.</b> Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir fulltrúaráð.

Samþykkt án athugasemda

<b>11. grein</b>	<b>Ósamræmi í lögnum</b>
Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi: Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunarsjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, stjórn fræðslusjóðs, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur.	Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi: Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunarsjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, stjórn fræðslusjóðs <b>og</b> kjörstjórn.  <b>skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur</b> fellur út. Er talið upp í dagskrá aðalfundar.

Samþykkt án athugasemda

<b>4. kafli. Aðalfundur Fært frá 12. grein</b>	<b>Nýtt í 11. grein sem fjallar um uppstillingarnefnd</b>
Fært frá 12. grein sem fjallar um Aðalfund.	<b>Auglýsa skal eftir tillögum um stjórnarmeðlimi þegar stjórnarkjör fer fram sbr. ákv. 9. og 10. gr.</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>11. grein</b>	<b>Styrkja ákvæðið</b>
Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir fulltrúaráð eigi síðar en 40 sólarhringum fyrir aðalfund þegar stjórn félagsins er kosin. Fulltrúaráð skal afgreiða tillögur uppstillingarnefndar og verða þær tillögur ráðsins.	Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir fulltrúaráð eigi síðar en 40 sólarhringum fyrir aðalfund þegar stjórn félagsins er kosin. Fulltrúaráð skal afgreiða tillögur uppstillingarnefndar <b>til samþykktar</b> og verða þær tillögur ráðsins.

Samþykkt án athugasemda

<b>11. grein. Nýtt ákvæði</b>	<b>Tryggja kynningu á tillögu</b>
	<b>Kynna skal tillögur fulltrúaráðs á heimasíðu félagsins.</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>12. grein</b>	<b>Setning færð fremst. Engin efnisbreyting.</b>
Aðalfundur er æðsta vald félagsins.	Aðalfundur er æðsta vald félagsins.

Samþykkt án athugasemda



<b>12. grein. Nýtt ákvæði</b>	<b>Lögmæti fundarins</b>
	Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Samþykkt án athugasemda

<b>13. grein. Nýtt ákvæði</b>	<b>Um dagskrá</b>
	Dagskrá aðalfundar.

Samþykkt án athugasemda

<b>14. grein</b>	<b>Orðalagsbreytingar</b>
Kjörstjórn skipa fimm menn og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgilda félagsmanna til þriggja ára á þeim aðalfundi þegar stjórnarkjör fer fram.	Kjörstjórn skipa fimm einstaklingar og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgilda félagsfólks til þriggja ára á þeim aðalfundi þegar stjórnarkjör fer fram.

Samþykkt án athugasemda

<b>16. grein</b>	<b>Orðalagsbreytingar</b>
Félagsmenn hafa frjálst val að kjósa þá menn sem í kjöri eru og skulu þeir gera það á þann hátt að merkja við fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn. Kjörstjórn getur heimilað rafræna kosningu.	Félagssólk hefur frjálst val að kjósa þá einstaklinga sem í kjöri eru og skulu þeir gera það á þann hátt að merkja við fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn. Kjörstjórn getur heimilað rafræna kosningu.
Kjósa ber einn mann við formannskjör og fjórtán menn við kjör meðstjórnanda. Sé ekki kosin rétt tala stjórnarmanna í einhverjum hluta kjörseðils er hann ógildur að því er þann hluta varðar.	Kjósa ber einn einstakling við formannskjör og fjórtán einstaklinga við kjör meðstjórnanda. Sé ekki kosin rétt tala stjórnarmanna í einhverjum hluta kjörseðils er hann ógildur að því er þann hluta varðar.

Samþykkt án athugasemda

<b>5. kafli. Stjórnarfundir og stjórnarstörf</b> <b>19. grein</b>	<b>Orðalagsbreytingar</b>
Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og stuðlar að framgangi mála sem félagið hefur sett sér. Stjórnin sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess.	Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og stuðlar að framgangi mála sem félagið hefur ákveðið að vinna að. Stjórnin sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess.

Samþykkt án athugasemda

<b>Nýtt ákvæði í 19. grein</b>	<b>Verklag við skipan fulltrúa stjórnar</b>
	Stjórn félagsins skipar úr sínum hópi einn fulltrúa í stjórnir sjóða félagsins og hafa þeir jafnan rétt og aðrir stjórnarmenn í viðkomandi sjóði. Stjórn félagsins skipar einnig fulltrúa í þau samvinnuverkefni sem félagið á aðild að.

Samþykkt án athugasemda

<b>19. grein</b>	<b>Málgrein orðin merkingarlaus</b>
Stjórnin skipar stjórn Vísindasjóðs og stjórn sérstaks styrktarsjóðs.	Sjóðirnir hafa verið lagðir niður.

Samþykkt án athugasemda

<b>19. grein</b>	<b>Fært að skipulagi og framkvæmd</b>
Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins og semur um kjör þeirra.	<b>Greinin fellur brott.</b>

Samþykkt í atkvæðareyðslu

<b>6. kafli. Fjármál</b> <b>20. grein</b>	<b>Ítarlegri skilgreining</b>
Sjóði félagsins skal ávaxta hjá fjármálastofnunum á sem tryggastan hátt.	Sjóði félagsins skal ávaxta hjá fjármálastofnunum á sem tryggastan hátt <b>samkvæmt samþykktum siðareglum og fjárfestingastefnu stjórnar hverju sinni.</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>20. grein</b>	<b>Breyting á sjóðum</b>
Auk félagssjóðs hefur Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu orlofssjóð, vinnudeilusjóð, styrktar- og sjúkrasjóð, sérstakan styrktarsjóð, vísindasjóð, fræðslusjóð og starfsmenntunarsjóð. Um starfsemi sjóðanna skal setja reglur sem staðfestar skulu á aðalfundi.	Auk félagssjóðs hefur Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu orlofssjóð, vinnudeilusjóð, styrktar- og sjúkrasjóð, <b>mannauðssjóð</b> , fræðslusjóð og starfsmenntunarsjóð. Um starfsemi sjóðanna skal setja reglur sem staðfestar skulu á aðalfundi.  <b>sérstakan styrktarsjóð, vísindasjóð fellur út</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>7. kafli. Félagsfundir</b> <b>21. grein</b>	<b>Staðfestur listi</b>
Félagsfundir skal boða svo oft sem þurfa þykir og er félagsstjórn skylt að boða þá ef 50 fullgildir félagsmenn krefjast þess og tilgreina fundarefni.	Félagsfundir skal boða svo oft sem þurfa þykir og er félagsstjórn skylt að boða þá ef 50 fullgildir félagsmenn krefjast þess <b>skriflega</b> og tilgreina fundarefni.

Samþykkt án athugasemda

<b>8. kafli. Fulltrúar á þing BSRB</b> <b>23. grein</b>	<b>Fært að framkvæmd og skýrt</b>
Kjör fulltrúa á þing BSRB skal fara fram á trúnaðarmannaráðsfundi.	Kjör fulltrúa á þing BSRB skal fara fram á trúnaðarmannaráðsfundi. <b>Fjöldi fulltrúa Sameykis á þingi BSRB reiknast þannig að félagið á tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn. Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu eins og hún reynist 1. janúar það ár sem halda skal þing BSRB.</b>  <b>Allir fullgildir félagsmenn eru kjörgengir til þings BSRB.</b>  <b>Stjórn félagsins er sjálfkjörin á þingið.</b>  <b>Verði brottfall úr hópi kjörinna fulltrúa umtalsvert er skrifstofu félagsins heimilt að manna þau sæti sem upp á vantar úr hópi félagsmanna.</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>10. kafli. Fulltrúaráð 26. grein</b>	<b>Breyting á uppröðun</b>
Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu, (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa), (2) kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa), (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).	Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu; <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ kjarasamningur – ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa),</li> <li>➤ kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa),</li> <li>➤ kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).</li> </ul>

Samþykkt án athugasemda

<b>26. grein</b>	<b>Ný málsgrein</b>
	Stjórn félagsins skipar uppstillingarnefnd sem gerir tillögur að skipan Fulltrúaráðs. Uppstillingarnefnd skal útbúa kynningargögn sem kynnt skulu Trúnaðarmannaráði a.m.k. tveimur vikum áður en tillagan er lögð fram til afgreiðslu.

Samþykkt án athugasemda

<b>11. kafli. Deildaskipting 28. grein</b>	<b>Orðalagsbreyting</b>
2. Að fylgjast með því að samningar séu haldnir og réttindi starfsmanna í heiðri höfð og reyna að leysa þau ágreiningsmál sem upp kunna að koma og bundin eru við deildarmenn.	2. Að fylgjast með því að samningar séu haldnir og réttindi <b>starfsfólks</b> í heiðri höfð og reyna að leysa þau ágreiningsmál sem upp kunna að koma og bundin eru við <b>deildarfólk</b> .

Samþykkt án athugasemda

<b>12. kafli. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga 31. grein</b>	<b>Ítarlegri tilvísun</b>
Trúnaðarmannaráð tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Uppsögn skal tilkynna í samræmi við 2. kafla laga 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða skv. 6. gr.1. nr. 80/1938, eftir því sem við á. Sömu aðilar taka ákvörðun um að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfall. Um þá atkvæðagreiðslu fer skv. 15. gr. þeirra laga.	Trúnaðarmannaráð tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Uppsögn skal tilkynna í samræmi við 2. kafla laga 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða skv. 6. gr.1. nr. 80/1938, eftir því sem við á. Sömu aðilar taka ákvörðun um að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfall. Um þá atkvæðagreiðslu fer skv.15. gr. <b>laga nr. 94/1986 eða 15. gr. laga nr. 80/1938.</b>

Samþykkt án athugasemda

<b>32. grein</b>	<b>Orðalagsbreyting</b>
Um endanlegt samþykki þeirra félagsmanna sem kjarasamningurinn tekur til, skal viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er.	Um endanlegt samþykki þess <b>félagsfólks</b> sem kjarasamningurinn tekur til, skal viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er.

Samþykkt án athugasemda

13. kafli. Ýmis ákvæði 35. grein	Tekur mið af fjölgun félagsmanna
Komi fram tillaga sem studd er af 80 félagsmönnum um að leysa félagið upp, skal hún lögð fyrir trúnaðarmannaráðsfund. Ef tillagan er samþykkt með 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundi trúnaðarmannaráðs, skal þá höfð um hana allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna. Tillagan telst því aðeins samþykkt að hún hljóti 2/3 greiddra atkvæða.	Komi fram tillaga sem studd er af <b>5% fullgildra félagsmanna</b> um að leysa félagið upp, skal hún lögð fyrir trúnaðarmannaráðsfund. <b>Fjöldi félagsmanna miðast við síðustu mánaðamót áður en tillaga er sett fram.</b> Ef tillagan er samþykkt með 3/4 hluta greiddra atkvæða á fundi trúnaðarmannaráðs, skal þá höfð um hana allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna. Tillagan telst því aðeins samþykkt að hún hljóti <b>3/4</b> greiddra atkvæða.

Tillaga felld

Kristjana þakkaði gott hljóð og opnaði fyrir umræður um lagabreytingar.

Ari B Thorarensen bað um orðið: Hann spurði hvort við værum nógu trygg í þessu félagi með alla þessa fjarfundi hvort það þyrfti ekki sérstaka lagaheimild til að hafa fjarfundi á fundum stjórnar, trúnaðarmannaráðs og fulltrúaráðs.

Þórarinn kvað þetta mjög góða spurningu. Praktíkin væri mikilvæg. Skráningar fyrir þennan fund hefðu t.d. verið fyrir og ekki hægt að skrá sig nema þú sért almennur félagsmaður. Ein grein sem segir að kjörstjórn geti haft rafræna atkvæðagreiðslu. Þ.a.l. ætti að vera hægt að hafa rafræna þátttöku, en við vitum í raun ekki hver er á bak við tölvuna. Álitamál sem við þurfum að fara með inn í framtíðina. Þetta sýni okkur mikilvægi þess að hafa lifandi laganefnd sem er starfrækt allt árið.

Árni Stefán Jónsson: Hann kveðst hafa lofað að vakta allt sem varðar lífeyrisdeildina. Hann spyr um eftirlaunakaflann í 4. grein. Hann spyr hvernig þetta hafi verið skoðað og vill vita hvort þetta hafi stoppað eitthvað í laganefndinni eða í stjórn?

Þórarinn svarar því til að um þessa breytingatillögu hafi orðið mikil umræða. Hvað þýðir þetta með félagsleg réttindi? Ekki augljóst svar, en niðurstaðan varð sú að 28. greinin fangaði þessi félagslegu réttindi. Spurning hvort hugtakið sé tæmandi. Tekist á um þetta.

Gunnar Rúnar Matthíasson: Þakkar góða vinnu laganefndar og góðar breytingar. Þakkar Árna Stefáni sérstaklega fyrir spurningu hans því öll erum við á leiðinni til lífeyris. Hann telur það mikið metnaðarmál að hafa réttindin skýr og það þurfum við að skoða betur. Erum með metnað og viljum hafa lýðræði í forgrunni.

Gunnar Rúnar vék enn fremur að 35. greininni. Hann nefndi að félagið væri enn jafn stórt og þegar það var stofnað. Breytingin úr 80 manns í 600 manns til að biðja um að félagið sé lagt niður væri ansi mikil. Hluti af kostnaði lýðræðisins væri að hafa þröskuldinn lágan. Hann taldi það ekki vandamál því valdið lægi fyrst hjá trúnaðarmannaráði og síðan í allsherjar atkvæðagreiðslu. Þarna væru slegnir tveir varnaglar. Hann áleit einnig óþarft að breyta samþykki úr 2/3 í 3/4 greiddra atkvæða. Hann leggur til að kosið verði sérstaklega um 35. greinina.

Þórarinn svarar Gunnari. Félagið er opið og við viljum vera lýðræðisleg í okkar störfum. Hins vegar þurfum við að tryggja starfsöryggi okkar og megum ekki umgangast félagið af neinni léttúð. Í störfum okkar mætum við því niður öflum sem vilja okkur feig. Við fundum vel fyrir því þegar verið var að vinna að sameiningu félaganna. Þar var höfuðáherslan af okkar hendi lögð á að samningsrétturinn héldist innan sameinaðs félags. Við fundum það vel á samningsaðilum okkar að þeir vildu rífa þennan samningsrétt af okkur. Þurfum því að vera opin, lýðræðisleg og vakandi í okkar störfum

Árni Stefán Jónsson: orðalagið í lífeyriskafnum er loðið. Hafa menn farið hina auðveldu leið í stað þess að útskýra til hlýtar? Þarf mögulega að skilgreina þennan hóp betur innan félagsins, ræða

betur hver réttindi hópsins eru og setja inn í lögin. Árni Stefán leggur til að þessi breytingartillaga verði geymd til næsta aðalfundar og vinna hana betur.

Valdís Þóra Gunnarsdóttir (á fjarfundi): vildi ræða aðeins um 19. greinina, um ráðningu starfsmanna. Hún álitur tvíeggjað blað að taka þetta alveg úr höndum stjórnar. Vísar til atburðanna í Eflingu á liðnum mánuðum. Hefði viljað sjá þessa tillögu aðeins mýkri.

Þórarinn segir slæmt ástand á almennum markaði og telur það sérstaklega sárt á kjarasamningsári. Hins vegar er menning BSRB félaganna önnur. Fagmennska og réttsýni eru hugtök sem aðildarfélag BSRB hafi að leiðarljósi. Hefur ekki áhyggjur af því að við lendum í einhverju svipuðu og almenni markaðurinn.

Ekki fleiri á mælendaskrá.

Atkvæðagreiðsla um allar greinar nema 4., 19. og 35. greinar. Verða þá 4 kosningar um lagabreytingarnar. Fyrst um allar greinar, síðan 4. 19. og 35. greinar.

Athugasemd úr sal: venja að greiða fyrst atkvæði um frávikin og síðan heildina, en fundurinn ákvað að gera þetta hinsegin.

Breytingar:

- Heildar breytingar samþykktar með yfir 90% greiddra atkvæða.
- 4. greinin: fékk 58,7% atkvæða en er feld því hún hefði þurft 66,67%. Tillagan er því felld.
- 19. greinin: fékk 67,07% atkvæða. Tillagan er því samþykkt.
- 35. greinin: fékk 54,12% atkvæða, en hefði þurft að vera 66,67%. Tillagan er því felld.

#### **4. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.**

- Löggiltur endurskoðandi:
  - Tillaga um að Ingunn Hauksdóttir hjá Endurskoðunarskrifstofunni Ernst og Young verði löggiltur endurskoðandi.

Samþykkt

- Tillaga um skoðunarmenn reikninga 2 aðal og 2 til vara
  - Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður
  - Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara
  - Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Samþykkt

Spurt úr sala hvaða fólk þetta sé. Þórarinn svara því til að þetta séu félagsmenn til margra ára og hafi verið skoðunarmenn síðustu tvö ár og er þetta í þriðja sinn sem þessi hópur er í boði. Þau hafi staðið sig mjög vel og alltaf skilað sínu mjög vel. Eru vandvirk og starfsmenn skrifstofu eru tekin í gegn marg sinnis á hverju ári. Viljum hafa það þannig því við viljum gera allt rétt.

Engar athugasemdir úr sal eða af netinu. Samþykkt án athugasemda

#### **5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.**

Þórarinn: Erum að fara inn í kjarasamninga og því miður stefnir í harða baráttu. Styrkur okkar liggur í sterkum vinnudeilusjóði. Kom mjög vel í ljós í kjaradeilu okkar 2015. Þá fórum við verkfall í 13 daga í október, sem var fyrsta verkfall okkar frá 1984.

Þórarinn telur mikilvægt að senda skilaboð frá þessum aðalfundi út í samfélagið um að við séum að styrkja okkur. Alvöru skilaboð um að við séum á leiðinni í alvöru viðræður og viljum alvöru niðurstöðu.

Þórarinn les upp tillöguna:

**Kæra félagsfólk.**

Á komandi hausti verða kjarasamningar á almennum markaði lausir. Sameyki gerir kjarasamninga á almennum markaði til að mynda við Isavia, Orkuveitu Reykjavíkur og Fríhöfnina ásamt fleirum. Eftir rétt ár, eða 31. mars 2023 munu síðan samningarnir við ríkið, Reykjavíkurborg, sveitarfélögin og aðrar stofnanir sem sinna almannapjónustu, verða lausir.

Við þekkjum hvernig umræðan hefur verið í samfélaginu og á vettvangi stéttarféлага og atvinnurekenda og samtaka þeirra. Sú orðræða hefur bæði verið harkaleg og einkennst af því að hugsanlega sé verið að hlaða í átök. Í þeirri stöðu er þá skynsamlegt að við undirbúum okkur undir möguleg átök og sendum um leið út þau skilaboð að við verðum við öllu búin þegar kjarasamningaviðræður hefjast.

Það hefur sýnt sig að sterkur Vinnudeilusjóður hefur áhrif í vinnudeilum.

**Tillaga stjórnar Sameykis lögð fyrir aðalfund 31. mars 2022.**

Stjórn Sameykis leggur til að félagsgjald verði hækkað úr 1% af heildarlaunum félagsfólks upp í 1,1% af heildarlaunum, eða um 0,1% og að gjaldið verði með þeim hætti til tveggja ára. Skipting gjaldsins verði þannig að áfram renni 0,87% gjald til Félagssjóðs, en gjaldið til Vinnudeilusjóðs hækki úr 0,13% í 0,23%.

Steinn Sveinsdóttir: Í síðustu kjarasamningum var hamrað á því að við ættum nóga peninga. Legg því til að þessi tillaga verði feld.

Pétur Ásbjörnsson: Hefur aldrei fundið fyrir eins mikilli hörku eins og nú í viðræðum við LSH. Mælir því eindregið með því að þessi tillaga verði samþykkt.

Jón Brynjarsson: Styður þessa tillögu algerlega. Mikilvægt að koma skýrum skilaboðum til viðsejenda okkar.

Kosið um tillögu um að árgjald félagsmanna verði hækkað um 0,1%. Niðurstaða: Já sögðu 80,49%, nei sögðu 13,41 og 6,1% tók ekki afstöðu. Tillagan er því samþykkt.

**6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.** (sjá fylgiskjal nr. 1)

Gunnsteinn R Ómarsson, skrifstofustjóri kynnir fjárhagsáætlunina. Hún á við um sjóði sem eru með fjárhagslega ábyrgð. (Akrakot á að vera Arnarstapi)

Steinn Sveinsdóttir: Hvað eru þessar 5 milljónir í lífeyrisdeildinni?

Þórarinn: lífeyrisdeildin okkar stendur fyrir öflugum starfi sem er kostað af Sameyki. Ekki hefur verið mikil starfsemi sl. 2 ár vegna heimsfaraldursins. Nú sjáum við vonandi fram á breytingu og að starfsemin fari í góðan gang með Jónsmessuferð, sviðaveislu í haust o.s.frv. Sennilega er þessi upphæð full lág ef eitthvað er. Viljum að lífeyrisdeildin sé öflug og standi fyrir góðu starfi.

Þessi fyrirspurn er ekki efnisleg breyting, ekki frekari umræður og því telst fjárhagsáætlunin samþykkt.

**7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar**

Tillögur stjórnar Sameykis að ályktunum aðalfundar. Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður Sameykis kynnir.

Allar ályktanirnar voru lesnar í einu og boðið upp á umræður.

### **1. Auðlindir Íslands**

Sameyki skorar á stjórnvöld að virða vilja þjóðarinnar um sanngjarnar og hærri tekjur af auðlindum Íslands. Sjávarútvegsfyrirtækin í landinu greiða sér milljarða í arð af hagnaði af nýtingu fiskveiðiauðlinda á ári hverju á meðan ríkinu er greitt lítið brot af þeim hagnaði. Ríkisstjórnin á að hafa forystu í því að standa vörð um að auðlindir þjóðarinnar séu ekki misnotaðar og hafa frumkvæði að því að allt íslenskt samfélag njóti góðs af nýtingu auðlinda landsins á sanngjarnan hátt. Einnig krefst Sameyki þess að stjórnvöld standi við það markmið sem þau hafi sett sér að afla nægrar þekkingar til að móta skýra stefnu í nýtingu náttúruauðlinda landsins eins og segir á vef stjórnarráðsins, „að starfrækja stofnanir sem hafa það meginhlutverk að afla þekkingar á stöðu náttúruauðlinda landsins hverju sinni og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi ráðstöfun þeirra.“ Þekking, gagnsæi og upplýsing sporna gegn spillingu í meðförum á náttúruauðlindum Íslands.

### **2. Lögfesting á styttingu vinnuvikunnar**

Sameyki hvetur stjórnvöld til að lögleiða 35 stunda vinnuviku öllu launafólki í landinu til heilla. Lögleiðing á styttingu vinnuvikunnar í 35 klst. er eðlileg krafa hjá launafólki eftir reynslutímann sem nú er liðinn frá síðustu kjarasamningum. Sú kerfisbreyting sem orðið hefur á vinnumarkaðnum hefur skapað rými fyrir samfélagið allt til að njóta betra lífs sem birtist í betri líðan, auknu öryggi á vinnustöðum, meiri velsæld og ánægðara starfsfólki. Stjórnvöld þurfa að taka mið af þessum breytingum til framtíðar. Sameyki varar við því að stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins snúi þeirri þróun við sem orðið hefur á vinnumarkaðnum og samfélaginu öllu vegna styttingar vinnuvikunnar.

### **3. Samkomulag um jöfnun launa á milli markaða**

Sameyki mótmælir harðlega að stjórnvöld standi ekki við samkomulag sem undirritað var 16. september 2016 milli heildarsamtaka launafólks, ríkis og sveitarfélaga um jöfnun launa á milli opinbera og almenna launamarkaðarins. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka (úr 65 í 67 ára) til að stuðla að sjálfbærni. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum aðgerðum á næstu 6-10 árum. Næstkomandi haust verða liðin 6 ár frá samkomulaginu og staðan er sú í dag að ekki hafa komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna. Launamunurinn er enn að meðaltali um 16,8 prósent og Sameyki krefst þess að ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin standi við sinn þátt samkomulagsins. Það er ekki líðandi að þetta mikilvæga mál verði ekki leyst fyrir næstu kjarasamninga, með öllum þeim óróa og vondu áhrifum sem slíkt myndi hafa á kjarasamningsviðræðurnar.

### **4. Aðför að opinberum starfsmönnum og innviðum Íslands**

Sameyki mótmælir harðlega málflutningi Samtaka atvinnulífsins um að opinberir starfsmenn leiði launaþróunina í landinu. Samtök atvinnulífsins fullyrða að starfsmenn ríkisins séu upp til hópa á ofurlaunum, sem séu langtum hærri en almennt gerist á vinnumarkaði. Þessi málflutningur er viðbót við málflutning ákveðinna stjórn mála- og fjármálaaflla sem grefur undan opinbera velferðarkerfinu og starfsmönnum þess og er undanfari að niðurbroti á opinberri þjónustu. Staðreyndin er sú að Samtök atvinnulífsins, stéttarfélögin á almennum markaði og ríkið stóðu saman að svokölluðum Lífskjarasamningi í janúar 2019. Þar var samið um krónutöluhækkanir eftir ákveðinni forskrift og opinberir starfsmenn tóku síðan mið af í sínum kjarasamningum. Sameyki

krefst þess einnig að stjórnvöld sjái til þess að ríkið fari ekki í að einkavæða innviðina með því að markaðsvæða almannapjónustuna. Hagsmunasamtök atvinnurekenda á almennum markaði vinna að því að sérhagsmunaaðilar komist yfir eignir almennings, til dæmis flutningskerfin, veitur, fjarskipti, háskóla, spítala og heilbrigðisstofnanir, og geti síðan hækkað gjöld og þjónustu á almennung í gegnum þær stofnanir. Þessa sókn fjármálaafzlanna í eigu landsmanna verður að stöðva með mjög ákveðnum hætti.

## 5. Stríðið í Úkraínu

Sameyki fordæmir innrás Rússlands í Úkraínu. Innrás Rússlands í frjálst og fullvalda ríki í Evrópu er stórfellt brot á alþjóðalögum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða og með því ógnar Rússland einnig öðrum nágrannaríkjum og heimsbyggðinni allri. Í Úkraínu ríkir nú neyðarástand, skortur er á mat og vatni, lyfjum og öðrum nauðsynjavörum og fólk lifir í stöðugum ótta um eigið öryggi. Milljónir manna flýja landið og þurfa skjól og aðhlyningu. Félagar okkar í verkalýðsfélögum Úkraínu og nágrannaríkjum þess hafa sent ákall til félaga sinna um allan heim um stuðning í bæði orðum og verki. Um leið skorar Sameyki á íslensk stjórnvöld að þau tali fyrir friðsamlegum lausnum á alþjóðavettvangi og styðji jafnframt áframhaldandi viðskiptaþvinganir gegn Rússlandi. Þá skorar Sameyki á stjórnvöld að veita flóttamönnum sem hingað koma í neyð vernd og hæli þegar í stað.

## 6. Húsnæðismarkaðurinn

Á húsnæðismarkaðnum hefur átt sér stað óheillaþróun á undanförunum árum. Hluti af vandanum er stefnu- og ábyrgðarleysi stjórnvalda í húsnæðismálum og slæmar ákvarðanir Seðlabanka Íslands þegar bankinn losaði um bindiskyldu bankanna til að örva hagkerfið. Bankarnir fengu þar um 40 milljarða sem skilja mátti að ættu að styðja betur við atvinnulífið þegar óveðurskýin voru að hlaðast upp. Bankarnir dældu hins vegar fjármunum inn á húsnæðismarkaðinn sem áttu sinn þátt í að sprengja upp allan kostnað við húsnæðis kaup og húsaleigu. Íslensk stjórnvöld sváfu á verðinum. Afborganir af þessum lánum almennings hafa hækkað mikið og almennungur tekur höggið á meðan bankastofnanir græða. Sameyki skorar á stjórnvöld að stíga fram og skattleggja hagnað bankanna á síðasta ári með stórtækri aðgerð.

Sameyki krefst þess að stjórnvöld bregðist við þessu ástandi á húsnæðismarkaðinum og móti sér langtímastefnu sem almennungur geti treyst á m.a. með endurskoðun vaxtabótakerfisins, sérstakan stuðning við barnafólk og ungt fólk til að koma sér upp húsnæði. Það telst til sjálfsagðra mannréttinda að eiga heimili. Sveitarfélögin þurfa einnig að taka ábyrgð með auknu framboði af lóðum svo hægt sé að mæta þessari miklu þörf með byggingu nýrra íbúða

Sameyki krefst þess að stjórnvöld standi þegar í stað við orð sín um úrbætur sem fram koma í skýrslu starfshóps stjórnvalda sem kom út í apríl 2019 um; „lækkun þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn,“ eins og segir í heiti skýrslunnar.

Örlitlar breytingar voru gerðar á ályktunum í vinnuhópi um ályktanir á trúnaðarmannfundinum fyrir í dag, þær breytingar voru ekki formlega samþykktar. Axel Jón Ellenarson starfsmaður Sameykis er með allar breytingarnar og Ingibjörg las upp allar nýjustu útgáfurnar.

Orðið laust:

Heimir Sigurður Karlsson (á fjarfundi): Ályktun 5 um Úkraínu. Er þetta ekki allt í gangi núna? Er ekki verið að álykta um það sem er þegar í gangi? Þurfum við að gera athugasemdir við þetta?



Ingibjörg: Við eigum félagsmenn frá Úkraínu sem kalla eftir stuðningi. Erum fyrst og fremst að sýna Úkraínumönnum samhug og samstöðu.

Heimir: er alveg sammála því að sýna samhug og stuðning, en vill einfalda ályktunina.

Ingibjörg: Við teljum að við séum að sýna jákvæðan stuðning bæði við Úkraínumenn og aðgerðir stjórnvalda með þessari ályktun.

Ekki fleiri athugasemdir og ekki efnisleg breytingatillaga því skoðast þessar ályktanir samþykktar.

## 8. Önnur mál.

Aðeins tilfærsla á dagskrá. Vegna aðstæðna er ákveðið að fjalla um 8. lið Önnur mál á undan 7. lið um ályktanir.

### ➤ Trúnaðarmenn ársins.

Það var hefð fyrir því til fjölda ára hjá SFR að velja trúnaðarmann ársins. Það er vilji stjórnar Sameykis að endurvekja þennan ljúfa og skemmtilega sið. Í ljósi þess að fjöldi félagsmanna hefur tvöfaldast er ákveðið að velja 2 trúnaðarmenn ársins.

Tilnefnd eru: Birna Daðadóttir Birnir og Pétur Ásmundsson. Þórarinn kynnti þau og afhenti þeim viðurkenningu fyrir þeirra ötula framlag.

### ➤ Allt félagsfólk Sameykis verði sameinað í sjúkra- og styrktarsjóð Sameykis.

Við sameiningu SFR og St.Rv. voru félagsmenn í tveimur styrktarsjóðum; Styrktarsjóði BSRB og Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis. SFR-félagar voru í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis en félagar úr St.Rv. í Styrktarsjóði BSRB. Það er vilji til að sameina þessa hópa í einn sjóð. Það hafa verið í gangi samræður innan BSRB um Styrktarsjóðinn, þar sem þrjú félög innan BSRB vilja alls ekki sameinast um einn sjúkra- og styrktarsjóð.

Að okkar mati sinnum við okkar félagsmönnum ekki eins og við viljum í tveimur sjóðum. Það er ruglingslegt fyrir félagsmenn að einn hópur sé í einum sjóði og annar hópur í öðrum sjóði. Við leggjum því fram tillögu um að aðalfundur samþykki flutning allra félagsmanna Sameykis með tilheyrandi réttindum yfir í Sjúkra- og styrktarsjóð Sameykis.

Þórarinn les tillöguna:

*Tillaga stjórnar Sameykis um aðild félagsmanna í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis (aðild félagsmanna sem nú eru í Styrktarsjóði BSRB)*

*Kæra félagsfólk.*

*Í tíð SFR og STRV voru félagsmenn þeirra féлага í Styrktar- og sjúkrasjóði SFR annars vegar og Styrktarsjóði BSRB hins vegar. Þegar Sameyki var stofnað 2019 voru félagsmenn því í tveimur sjóðum, sjóði Sameykis og sameiginlegum sjóði með 20 öðrum stéttarfélagum innan BSRB. Þetta hefur verið fyrirkomulagið síðustu tvö ár. Viðræðuhópur milli Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis og Styrktarsjóðs BSRB hefur frá vordögum 2021 rætt um framtíðarfyrirkomulag sjóðanna og hvernig félagsfólk okkar færir á milli sjóða. Fyrirkomulag og tímasetning hefur enn ekki verið ákveðin og er samtal um það enn í gangi. Stjórn Sameykis hefur samhliða verið með málið til umfjöllunar á stjórnarfundum. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að Stjórn Sameykis hefur ákveðið að leggja til við aðalfund Sameykis haldinn 31. mars 2022, að fundurinn staðfesti þá niðurstöðu stjórnar að allt félagsfólk Sameykis sem nú á aðild að Styrktarsjóði BSRB flytjist yfir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Við flutninginn verður engin breyting á réttindum félagsmanna og félagsfólk mun ekki verða vart við breytinguna þegar það verður komið í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis.*

***Tillaga stjórnar Sameykis lögð fyrir aðalfund 31. mars 2022 til staðfestingar.***

*Stjórn Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu hefur samþykkt að það félagsfólk Sameykis sem á aðild að Styrktarsjóði BSRB, flytjist með réttindi sín yfir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Nánari tilhögun flutningsins verður í höndum formanns og viðræðunefndar en miðað er við að flutningurinn eigi sér stað ekki síðar en 31. desember 2022.*

*(Þórarinn Eyfjörð, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Árni Stefán Jónsson)*

Ekki gerðar athugasemdir og því telst þessi tillaga samþykkt skv. upphafstillögu fundarins.

Í lok fundar er sagt frá því að fundargerðin verði sett á vefinn og að hægt verði að senda inn athugasemdir. Ef engar athugasemdir berast fyrir 1. maí 2022 verður litið svo á að fundargerð sé samþykkt.

Þar með er fundi lokið og fundarstjórar afhenda fundinn í hendur formanns.

Þórarinn þakkaði fyrir góðan fund og lýðræðislegar umræður. Hann var sáttur við að af 33 tillögum til lagabreytinga voru bara 2 tillögur feldar þó þær hafi verið samþykktar með hlutfallslegum meirihluta og verður unnið frekar með þær tillögur í samræmi við athugasemdir.

Þórarinn þakkaði því næst starfsfólki fundarins kærlega fyrir alla aðstoð og þeirra vinnu á fundinum. Hann er bjartsýnn á framtíðina.

Fundi slitið kl. 20:06.

---

# Fylgiskjal nr. 1

## Fjárhagsáætlun 2022

SAMEYKI

Félagssjóður Sameykis	Áætlun 2022	Rauntölur 2021
<b>Rekstrartekjur</b>		
Félagsgjöld.....	641.000.000	610.777.877
	<u>641.000.000</u>	<u>610.777.877</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld.....	256.600.000	244.410.415
Bifreiðastyrkir.....	4.700.000	4.563.931
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	77.800.000	74.099.572
Fundir, námskeið og félagsstarf.....	26.000.000	9.914.920
Lífeyrisdeild Sameykis.....	5.000.000	557.440
Útgáfustarfsemi og kynningarmál.....	30.300.000	28.821.613
Kjörgögn og kjarasamningar.....	1.000.000	220.506
Rekstrarkostnaður Grettisgötu 89.....	30.200.000	28.720.065
Félagsgjald til B.S.R.B.....	140.500.000	133.805.976
Stofnun ársins.....	1.500.000	
Fyrningar.....	4.400.000	4.016.731
	<u>578.000.000</u>	<u>529.131.169</u>
<b>Orlofssjóður Sameykis</b>	<b>Áætlun 2022</b>	<b>Rauntölur 2021</b>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Iðgjöld í Orlofssjóð.....	371.000.000	353.318.771
Leigutekjur orlofshúsa.....	85.000.000	78.733.450
Orlofshús til endurleigu o.fl. ....	- 30.300.000	- 27.095.914
	<u>425.700.000</u>	<u>404.956.307</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Rekstrarkostnaður orlofshúsa.....	217.500.000	201.388.524
Fyrning orlofshúsa, áhaldra og búnaðar.....	60.600.000	57.682.978
	<u>278.100.000</u>	<u>259.071.502</u>
<b>Fyrirliggjandi verkefni Orlofssjóðs</b>		
Framkvæmdasjóður orlofsmála 2022 .....	322.000.000	
Framlag úr rekstri 2022 .....	208.200.000	
Nýbyggingar í Munaðarnesi (3 hús).....	- 100.000.000	
Stærri viðhaldsverkefni (Hólas., Arnarst. ofl.).....	- 75.000.000	
Horft er til fjármagns í framkvæmdasjóði og framlags frá rekstri við undirbúning verkefna á Úlfjótuvatni og Akarakoti. Óvissa er um tímasetningar vegna efnahagsástands á heimsvísu.		